



# Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

**03.mars 2014**

## Mættir:

Haraldur Eyvinds -formaður

Erla Kristín Árnadóttir- kraftlyftingadeild

Guðjón Norðfjörð -gjaldkeri

Erla Gísladóttir – Handknattleiksdeild

Hafdís Guðmundsdóttir -varaformaður

Magnús Gunnarsson– Knattspyrnudeild

Ásta Sigvaldadóttir - verkefnastjóri

Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.

Ragnar Rafnsson meðstjórnandi

## Dagskrá:

Dagskráin:

1. Yfirlit deilda
2. Aðalfundur 13. mars
3. UMSK þing
4. Íbúðþing
5. Gróttumessa
6. Önnur mál

---

### 1. Yfirlit deilda

#### *Knattspyrnudeild*

Magnús og Kristín skoðuðu fyrstu drög ársreikninga og lítur vel út. Lengjubikarinn hefst á föstudaginn. Í síðustu leikjum hafa ungir og efnilegir fengið að spreyta sig. Ánægja með stofnun knattspyrnufélagsins Kríunnar. Þeir fengu inngöngu á síðasta UMSK þingi og eru byrjaðir að æfa á gervigrasinu.

#### *Kraftlyftingadeild.*

Kraftlyftingadeildin náði í 2 ílandsmeistararitla á móti á Ísafirði í febrúar. Deildin sækist eftir því að halda það móta að ári. Íslandsmót í 3 greinum verður í Njarðvík um helgina.

Erla Kristín lofar 90 kg





### *Handknattleiksdeild*

Stór bikarmótshelgi að baki. Grótta átti að þessu sinni líð í undanúrslitum kvenna. Komst því miður ekki áfram en frábær barátta hjá þeim. 3 flokkur kk. , búið er að skipta um þjálfara en mætingin er enn frekar lélega hjá þeim á æfingar en mæta í leiki. Arndís María er komin í fæðingarorlof en búið er að finna þjálfara fyrir hana. Handknattleiksdeildin hefur sóttst eftir því að halda úrslitakeppnina á Íslandsmóti yngri flokka í maí.

### *Fimleikadeild.*

Enginn fulltrúi var frá þeim

## **2. Aðalfundur Gróttu**

Aðalfundur Gróttu verða 13. mars og byrjar sá fyrsti kl. 17.30.

## **3. UMSK þing**

4 fulltrúar frá okkur fóru á þingið. Farið var yfir drög að stefnumótun félagsins. Veittar voru hinar ýmsu viðurkennigar og að þessu sinni hlaut Domino okkar fimleikabikar UMSK 2013. Lárus B. Lárusson tók sæti í stjórn UMSK fyrir hönd Gróttu.

## **4. Íbúáþing um íþrótt og æaskulýðsmál**

Var vel mætt á þetta þing og allir sátir við þau málefni sem rætt var um

## **5. Gróttumessa**

Messan tókst vel og var ágætlega mætt þrátt fyrir annasama helgi. Davíð B. Gíslason flutti hugleiðingu, 5 krakkar úr 7. bekk lásu bænir og fóru með ritningalesur. Kórarnir Litlu snillingarnir og Gömlu meistarnir sungu meðal annars Gróttulagið. Ákveðið var að kanna betur mótaskrá deilda þega valin er dags. fyrir Gróttumessuna. Stór bikarhelgi bæði hjá handboltanum og fimleikum.

## **6. Önnur mál**

Ásta fór yfir ýmis mál sem hún hefur verið að kanna. Breytingar á kjöri íþróttamanni æaskunnar, sendir stjórnarmönnum drög að nýjum reglum. Eldavélin er komin í hátíðarsalinn. Sögurituninni frestað vegna gríðarlegs kostnaðar. Borðin hafa ekki fundist og verið að skoða borð úr IKEA. Myndasíða í skoðum.

Fundi slitið kl. 21

